

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1531  
komudagur 8.3.2007



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2007

Tilvísun: UST20070200152/sf

## Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis dags. 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

### Grunnet vegakerfisins

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er Útnesvegur (nr. 574) hluti af grunnneti vegakerfisins og er hann þar skilgreindur sem landsvegur. Landsvegir eru skilgreindir með eftirfarandi hætti í 8. gr. vegalaga nr. 45/1994: „Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstiðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.”

Umhverfisstofnun vekur athygli á að unnið er að endurbótum á Útnesvegi um þjóðgarðinn Snæfellsjökul og verður vegurinn lagður bundnu slitlagi og byggður skv. vegtegund C2. Þar sem um er að ræða veg sem tengir saman byggðarlög á Snæfellsnesi og búast má við umferð um veginn allt árið um kring telur stofnunin rétt að vegurinn verði ekki skilgreindur sem landsvegur í samgönguáætlun heldur sem stofn- eða tengivegur.

Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007 til 2010 er Útnesvegur (af Snæfellsnesvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand, Rif og Ólafsvík, á Snæfellsnesveg norðan Fróðárheiðar) talinn upp meðal stofn- og tengivega í Norðvesturkjördæmi.

Lyngdalsheiðarvegur (nr. 365) er skilgreindur sem stofnvegur í samgönguáætlun. Þar sem um er að ræða veg sem fyrst og fremst þjónar hagsmunum ferðaþjónustu og liggur að Þjóðgarðinum á Þingvöllum telur Umhverfisstofnun að hann ætti fremur að skilgreina sem tengiveg í áætluninni.

### Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018 með

bréfi dags. 24. nóvember 2006. Samgönguráðuneytið svaraði þeim athugasemdum með bréfi dags. 19. febrúar sl. Gerðar hafa verið breytingar á umhverfisskýrslunni í kjölfar athugasemda sem bárust á auglýsingatíma áætlunarinnar. Umhverfisstofnun vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

#### *Byggðapróun*

Í umhverfisskýrslu kemur fram að eitt meginmarkmiða samgönguáætlunar sé að stuðla að jákvæðri byggðapróun. Þar segir einnig að bættar samgöngur muni stuðla að sterkari byggðakjörnum innan landsfjórðunga. Þá segir m.a. að „ef ekki er hægt að bæta samgöngur landsins gæti það haft veruleg neikvæð áhrif á samfélag og byggðapróun, þar sem beint samband er milli vaxtar í samgöngum og hagvaxtar”.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ef gengið er út frá því að allar vegaf framkvæmdir hafi jákvæð áhrif á byggðapróun verða allar athugasemdir við fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir, sem gera meiri kröfur og auka kostnað, samfélagslega neikvæðar. Stofnunin telur að skilgreina verði nánar áhrif bættra samgangna á byggðapróun og í hverju jákvæð byggðapróun felst, ekki síst í ljósi íbúapróunar undanfarin ár þrátt fyrir miklar vegabætur.

#### *Áhrif á náttúrufar*

Í umhverfisskýrslu með samgönguáætlun segir m.a.: „*Einstakar framkvæmdir samgönguáætlunar eru innan svæða sem eru friðlýst eða eru skilgreind sem aðrar náttúruminjar. Þá eru einnig framkvæmdir í jaðri þessara svæða. Stærsti hluti framkvæmda samgönguáætlunar er þó utan þessara svæða.*”

Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að fallast á að í samgönguáætlun séu vegir sem skerða verndargildi friðlýstra svæða. Hins vegar er ekki hægt að meta út frá þeim upplýsingum sem fram koma í umhverfisskýrslunni hvort vegir raski friðlýstum svæðum eða öðrum verndarsvæðum. Til þess eru upplýsingar um líklegar vegaf framkvæmdir of almenns eðlis og kort í umhverfisskýrslu SGÁ eru í þeim mælikvarða að þau gefa ekki glögga mynd af staðsetningu framkvæmda miðað við afmörkun verndarsvæða. Tafla 17.1 á að gefa yfirlit yfir framkvæmdir sem eru á eða nærri svæðum á náttúruminjakrá og/eða náttúruverndaráætlun en vegna framangreinds er ekki hægt að meta hvort ástæða er til að gera athugasemdir við einstakar framkvæmdir sem þar eru taldar upp.

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að vegur yfir Grunnafjörð hefur verið tekinn út af lista yfir líklegar framkvæmdir á samgönguáætlun.

Í niðurstöðu umhverfisskýrslunnar segir m.a.:

„*Það er niðurstaða umhverfismats að SGÁ er líklegt til að valda talsverðum jákvæðum samfélagslegum áhrifum en ekki verulegum neikvæðum áhrifum, en mikilvægt er að fjalla um mismunandi nýtingu hálendisins við gerð og legu hálendisvega.*”


Eins og Umhverfisstofnun benti á í umsögn sinni frá 24. nóvember 2006 telur stofnunin að líta verði til staðbundinna áhrifa framkvæmda, t.d. þegar um framkvæmdir á verndarsvæðum er að ræða, þar sem verndun á Íslandi byggist m.a. á svæðisbundinni verndun þeirra fyrirbæra sem talin eru verndar þurfi. Í því sambandi má t.d. benda á að framkvæmdir geta haft staðbundin áhrif á leirur eða votlendi sem hafa hátt verndargildi, jafnvel þótt hlutfallsleg röskun votlendis eða leira á landsvísu sé ef til vill ekki veruleg. Umhverfisstofnun telur að ekki sé nægjanlegt tillit tekið til svæðisbundinna áhrifa við mat á heildaráhrifum samgönguáætlunar á umhverfið.


### Hálendisvegir

Í umhverfisskýrslu með framangreindri þingsályktunartillögu kemur m.a. fram að í SGÁ liggi ekki fyrir tillögur um breytta legu og hlutverk þeirra vega sem skilgreindir eru sem aðalfjallvegir í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands. Þar kemur einnig fram að ef stefnt verður að uppbyggingu aðalfjallvega og þjónustu á þann hátt að gert sé ráð fyrir almennri umferð á öðrum árstímum en að sumri til þurfi að vinna slík áform í samráði við viðkomandi sveitarfélög og svæðisskipulagsnefnd Miðhálandisins og vinna umhverfismat fyrir viðkomandi breytingar á svæðisskipulaginu. Í skýrslunni er einnig fjallað um samgöngur milli Eyjafjarðar- og höfuðborgarsvæðisins og segir þar m.a.: „Þá hefur verið rætt um þann kost að byggja upp vegi á hálendinu til að dreifa þungaumferð og stytta vegalengdir milli Eyjafjarðarsvæðis og höfuðborgarsvæðis. Niðurstaða matsvinnu er að vegagerð í samræmi við slíka valkosti verður umdeild vegna umhverfisáhrifa. Er það fyrst og fremst þar sem raskað yrði stórum landslagsheildum og víðernum sem einkenna hálendið. Að mati vinnuhóps felst verndargildi hálendisins m.a. í mynd þess. Þessi mynd tengist fyrst og fremst landslagsheildum og umfangi víðerna... Í samgönguáætlun er hvorki litið á færslu þungaflutninga frá landi á sjó né uppbyggingu hálendisvega sem raunhæfan valkost. Áframhaldandi uppbygging á Hringvegi er raunhæfasti valkosturinn m.t.t. hagrænna þátta og umhverfissjónarmiða.”

Umhverfisstofnun tekur undir það að áframhaldandi uppbygging á Hringvegi sé raunhæfasti valkosturinn m.t.t. umhverfissjónarmiða. Stofnunin ítrekar það álit sitt að uppbyggðir hálendisvegir mundu gjörbylta víðernum Íslands og hálendi Íslands almennt, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar um umhverfismat samgönguáætlunar frá 24. nóvember 2006.

Virðingarfyllst

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður